

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundur no 21 frá upphafi:

**Fundur í Öldungaráði Snæfellsbæja haldin í Höllinni í Ólafsvík
þriðjudaginn 9. september 2025 kl 14,00**

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir, Ragnheiður Víglundsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson ritaði fundargerð.

Ólafur formaður setti fund og stýrði og bauð fundarmenn velkomna.

Mál 1: Umræður um fund í Klifi á vegum Alzheimer samtakana í ágúst sl.

Fundarmenn ræddu um fundinn og það sem kom þar fram. Einnig var rætt um hvernig staðan væri hér í Snæfellsbæ. Aukin umræða er um þessi mál og hvernig væri staðið að því að ná til eldra fólks sem væri eitt heima bæði hvað varðar veikindi sem og heimilisaðstoð. Til að fá betri upplýsingar var ákveðið að fá Brynju Mjöll Ólafsdóttur starfsmann Félags og skólaskrifstofu Snæfellsbæjar til að koma á næsta fund Öldungaráðs og fara yfir þessi mál.

Mál 2: Um það sem betur mætti fara varðandi aðgengi að ákveðnum stöðum í bæjarfélaginu.

Eftir ábendingu frá fólki í okkar aldurshópi voru tvö mál sem fundarmenn voru sammála um að vekja athygli á. Nánast engin lýsing er við inngang eldhúsmeginn í Félagsheimilinu Klifi sem getur skapað hættu. Þá var rætt um „skólabrúna“, sem liggur yfir gilið, þ.e. á milli Grundarbrautar og Kirkjutúns. Grundarbrautar megin er engin lýsing og ekki heldur við gangbraut yfir Kirkjutúnið. Vafalaust eru fleiri staðir í bæjarfélaginu sam þarfnast skoðunar að þessu leiti, sem Öldungaráð hefur ekki fengið ábendingar um.

Ólafur formaður tók að sér að skrifa bréf og senda á bæjarstjóra og vekja athygli á framangreindum atriðum.

Mál 3: Um leiktæki í Höllina. Ólafur formaður sagði frá samtali sínu við Kristfríði Stefánsdóttur íþrótt og æskulýðsfulltrúa. Hún bauð fram erindi um næringu fyrir eldri borgara. Þá sagði hún að Félag eldri borgara og/eða stjórn Hallarinnar mætti hafa samband við sig ef það vantaði „leiktæki“ en hún væri með fjárveitingu sem stæði til boða. Var henni bent á að hafa samband við fyrrnefndra aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14,40.

Fundargerð ritaði Pétur Steinar Jóhannsson